

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 14. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga, 624. mál.

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 30. mars sl. þar sem óskað var umsagnar Nasdaq Iceland (Kauphöllin) um frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Kauphöllin vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Gildistaka frumvarpsins

Í 146. gr. frumvarpsins kemur fram að lögin öðlist gildi 1. maí 2021, þó með ákveðnum undantekningum sem fram koma í greininni. Þó að það hafi lengi legið fyrir að þessi tilskipun yrði innleidd í lög hér á landi þá er ljóst að bæði Kauphöllin og fjármálafyrirtæki þurfa að breyta sínu verklagi og tilkynna slíkt með ákveðnum fyrirvara til sinna viðskiptavina. Kauphöllin þarf t.d. að breyta sínum reglum sem gilda fyrir kauphallaraðila, gera kerfisbreytingar og ganga frá samningum við fjármálafyrirtæki um viðskiptavakt á markaðnum. Þessari vinnu er ekki mögulegt að ljúka fyrr en tímasetning gildistöku laganna er ljós. Sá frestur sem veittur er við gildistöku laganna er of skammur til að hægt sé veita aðilum viðunandi frest til að gera nauðsynlegar kerfisbreytingar og bregðast við öðrum breytingum er verða við gildistöku laganna.

Kauphöllin leggur því til að lögin öðlist gildi 1. júní 2021.

Innleiðing tilskipunar 2021/338

Kauphöllin leggur til að tilskipun [2021/338](#), sem Evrópuþingið og ráðið samþykkti þann 16. febrúar sl. verði innleidd í íslenskan rétt á sama tíma og þetta frumvarp um markaði fyrir fjármálagerninga verður samþykkt sem lög frá Alþingi. Þessi tilskipun felur m.a. í sér ýmsar breytingar á MiFID II tilskipuninni 2014/65, sem nú er verið að innleiða með ofangreindu frumvarpi.

Þessi tilskipun hefur verið kölluð „MiFID quick fix“ þar sem henni er ætlað að reyna að draga úr ýmsum efnahagslegum áföllum sem aðildarríkin hafa orðið fyrir vegna COVID-19 faraldursins og er hluti af víðtækari aðgerðum sem hafa það að markmiði að auðvelda efnahagsbatann í Evrópu í kjölfar faraldursins.

Í þessari tilskipun er m.a. lagt til að skylda viðskiptavettvanga og innmiðlara til að birta opinberlega a.m.k. einu sinni á ári skýrslur varðandi gæði framkvæmdar viðskipta með ákveðna fjármálagerninga, verði frestað fram til 28. febrúar 2023. Þessa skyldu má finna í 5. mgr. 48. gr. frumvarpsins, sbr. 3 tl. 27. gr. MiFID II.

Framkvæmdastjórn Evrópuþingsins hefur viðurkennt að þessar skýrslur séu ekki til þess fallnar að veita marktækan samanburð á milli verðbréfafyrirtækja og viðskiptavettvanga. Þá hefur einnig komið fram á sama vettvangi að við fyrirhugaða heildarendurskoðun á MiFID II tilskipuninni, sem áætlað er að fari fram í ár, verði tekin ákvörðun um það hvort þessi tímabundna stöðvun birtingar á þessum skýrslum skv. „Mifid II quick fix“ tilskipuninni verði varanleg eða hvort nýtt fyrirkomulagi verði tilkynnt.

Þá hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitstofnunin, ESMA, gefið út [yfirlýsingu](#) þar sem því er beint til lögbærra yfirvalda að forgangsraða ekki eftirlitsaðgerðum gagnvart viðskiptavettvöngum sem tengjast þessari skyldu þeirra til að birta ofangreindar skýrslur opinberlega.

Þar sem óvissa ríkir hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins um framkvæmd birtingar á þessari skýrslu leggur Kauphöllin til að gildistöku 5. mgr. 48. gr. frumvarpsins verði frestað fram til 28. febrúar 2023 eins og gert er ráð fyrir í tilskipun 2021/338.

Að auki er í þessari tilskipun 2021/338 veitt undanþága sem leyfir fjármálafyrirtækjum að setja saman í pakka (e. bundle) kostnað við greiningar og framkvæmd fyrirmæla á viðskiptavettvöngum þegar kemur að greiningum á litlum og meðalstórum útgefendum. Þessum aðgerðum er ætlað að auka umfjöllun um slíka útgefendur og þar með bæta aðgang þeirra að fjármagni á fjármagnsmarkaði.

Kauphöllin hvetur til þess að a.m.k. þessi atriði tilskipunar 2021/338 verði tekin núna upp í þetta frumvarp um markað fyrir fjármálagerninga með sömu rökum og Evrópuþingið og ráðið færa fyrir tilskipuninni, en markmiðið með henni er að draga úr óþarfa skriffinnsku og innleiða vel valdar aðgerðir sem gagnast geta við að draga úr áhrifum COVID-19 faraldursins.

Kauphöllin er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi